

ÆFING: SAMEIGINLEG VERKEFNI MEÐ FORELDRUM

ÆFINGIN FJALLAR UM:

Að tala um og skipuleggja verkefni sem gefa ykkur sameiginlega reynslu og byggja upp óformleg samskipti við foreldra ásamt því að foreldrahópurinn fær tækifæri til að kynnst innbyrðis.

SVONA GERIÐ ÞIÐ:

1. Gefið öllum í hópnum tækifæri til að tjá sig um það hvenær ykkur hefur tekist að eiga óformleg samskipti við tvítýngda foreldra, þar sem þið kynnist þeim betur.
Skrifið stikkorð á eyðublaðið hér á eftir.
Notið u.þ.b. 10 mín.
2. Ræðið saman um það hvaða verkefni þið gætuð unnið með foreldrum svo þeim gefist tækifæri til að kynnst ykkur á óformlegan hátt, þar sem styrkleikar foreldra eru virkjaðir og þar sem foreldrar fá tækifæri til að kynnst innbyrðis.
Þið getið skráð það sem þið hafið hug á að gera á eyðublaðið.
Notið u.þ.b. 20 mín.

Hvað gerum við í daglegu starfi til að virkja foreldra í verkefnum leikskólans og til að eiga óformleg samskipti við þá? (T.d. þegar þeir eru að koma með eða sækja börnin, í ferðum o.s.frv.)

Hvað er það sem við gerum með foreldrunum sem skapar tækifæri fyrir þá til að kynnst okkur á óformlegan hátt og þar sem þeir fá tækifæri til að kynnst innbyrðis?
(t.d. foreldrakaffi, vorhátíð, starfsdagur, verkefni og foreldrafundir).